



Innritunar- og innheimtureglur leikskóla Vestmannaeyjabæjar

1. Innritun

1.1. Forráðamenn/foreldrar og börn þeirra, sem fá boð um leikskólavist, skulu eiga lögheimili í Vestmannaeyjum. Sækja þarf um leikskólavist í íbúagátt eða á sérstöku umsóknareyðublaði sem fæst í þjónustuveri Ráðhúss og á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is. Forráðamenn/foreldrar, sem áætla að flytja til Vestmannaeyja, geta, þremur mánuðum fyrir flutning, sótt um leikskólavist. Þeir skulu hafa flutt lögheimili sitt til Vestmannaeyja þegar leikskólaganga barnsins hefst. Í umsókninni skal tilgreina m.a. æskilegan dvalartíma og hvaða leikskóla óskað er eftir. Hægt er að sækja um leikskóla til vara en sé það ekki gert er litið svo á að aðalval komi einungis til greina

1.2. Börn raðast á biðlista eftir aldri nema þegar um flutningsbeiðni er ræða, en þá gilda aðrar reglur, sjá grein 1.3.. Inntökutímabil eru tvö, þ.e. janúar og að vori/haust. Skólastjórnendur, geta í samráði við skólaskrifstofu, boðið leikskólavist á öðrum tímum. Vakin skal athygli á því að við úthlutun af biðlista getur þurft að taka tillit til skipulags í leikskólanum, aldurs barnsins og þess tíma sem er laus í hverjum leikskóla. Foreldrum er sent bréf í tölvupósti, þegar barnið hefur fengið inngöngu í leikskóla. Vistunarboð getur verið sent með þriggja mánaða fyrirvara. Staðfesta skal leikskóladvölinu innan 10 daga. Vilji foreldrar fresta upphafi skólagöngu, geta þeir það með því að greiða leikskólagjaldið, að öðrum kosti fara aftur á biðlista og bíða næstu úthlutunar.

1.3. Ef foreldrar óska eftir breytingu á dvalartíma er hægt að sækja um það í íbúagátt og skal þá skrá barnið á biðlista og fylgja þeim reglum sem þar gilda.

1.4. Ef foreldrar óska eftir flutningi milli leikskóla ber að fylla út umsókn um flutning í íbúagátt. Barn fer á biðlista en flutningsbeiðnir eru afgreiddar við upphaf nýs skólaárs og þá eftir kennitölu. Börn sem bíða eftir flutningi á annan leikskóla geta fengið flutning þegar inntökutímavilin standa yfir, þ.e. um áramót og að hausti.

1.5. Foreldrar geta óskað eftir að taka aukaviku í orlof fyrir barn viku fyrir, eða viku eftir sumarlokunartíma leikskólans. Leikskólagjöld vegna aukaviku falla niður ef sótt hefur verið um niðurfellingu með a.m.k. mánaðar fyrirvara

1.6. Hægt er að óska eftir forgangi vegna barna með sérþarfir. Greining þarf að vera fyrirliggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum. Aðrar beiðnir um forgang þurfa að berast skriflega og skulu afgreiddar hjá fræðsluráði. Fræðsluráð getur hafnað beiðni um ákveðinn leikskóla ef t.d. aðstæður leyfa ekki fleiri börn með sérþarfir.

1.7. Röðun á biðlista fer eftir aldri en á barn systkini á leikskóla getur það haft forgang inn á þann tiltekna leikskóla.

2. Dvalartími

2.1. Leikskólarnir eru opnir frá 07.30-16.30.

2.2. Börn yngri en 18 mánaða er boðin vistunartími til kl. 15:15.

2.2.1. Í undantekingartilfellum geta foreldrar barna yngri en 18 mánaða sótt um frávík frá vistunartíma. Sýna þarf fram á þörf fyrir undanþágu og byggir mat á efnahags-, heilsufars- eða félagslegum

ástæðum. Sótt er um lengri vistunartíma til skólaskrifstofu í gegnum íbúagátt.

2.2.2. Foreldrar þurfa að sækja um breytingu á vistunartíma í íbúagátt tímanlega fyrir 18 mánaða aldur barns og í síðasta lagi fyrir 15. dag mánaðar ef umsóknin á að taka gildi í næsta mánuði á eftir.

2.3. Breyttar aðstæður hjá foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, atvinna eða hjúskaparstaða.

3. Uppsögn á leikskólavist

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólavist er 1 mánuður.

Segja skal upp leikskólavist hjá viðkomandi leikskólastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

4. Gjaldskrá

4.1. Gjaldskrá leikskóla tekur breytingum í upphafi árs út frá forsendum fjárhagsáætlunar.

4.2. Fyrstu sjö tímarnir eru gjaldfrjálsir á Víkinni, 5 ára deild og ekki er greitt fyrir fæði. Foreldrar greiða fyrir umframtíma skv. gjaldskrá.

4.3. Foreldrar/forráðamenn geta sótt um eftirfarandi niðurgreiðslur af vistunargjaldi í íbúagátt eða á eyðublöðum sem fást í þjónustuveri Ráðhússins og hjá viðkomandi leikskólastjórnum:

4.3.1. Foreldrar með börn í leikskóla og/eða í frístundaveri geta sótt um systkinaafslátt. Greitt er fullt gjald fyrir eitt barn, 50% fyrir annað barn og gjald fyrir þriðja barn og fleiri fellur niður.

Systkinaafsláttur er bundinn við að börn séu skráð á sömu kennitölu forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili. Afslátturinn gildir af lægsta gjaldi. Reglur um systkinaafslátt gilda ekki um Víkina.

4.3.2 Hægt er að sækja um 40% afslátt af vistunargjaldi ef meðalheildartekjur heimilis sl. þriggja mánaða skv. staðgreiðsluskrá eru allt að kr. 830.000 kr. Viðmið um heildartekjur hækka skv. vísitölu um hver áramót. Endurnýja þarf afslátt fyrir 15. ágúst ár hvert.

4.3.3. Foreldrar geta sótt um heimgreiðslur fyrir börn frá 12 til 16 mánaða aldri hvort sem þeir þekkjast boð um leikskólavist á því aldursbili eða ekki. Þá geta foreldrar barna sem eru orðin 16 mánaða sótt um heimgreiðslur ef ekki er laust fyrir börnin í leikskóla í sveitarfélaginu. Sjá nánar reglur um heimgreiðslur á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar

4.3. Ekki er hægt að fá tvöfaldan afslátt, þ.e. tekjutengdan afslátt og systkinaafslátt.

5. Innheimta

5.1. Leikskólagjöld skal greiða fyrirfram fyrir hvern mánuð. Eindagi er 10. hvers mánaðar. Ekki er rukkað fyrir júlímánuð vegna sumarlokunar en fullt gjald greitt fyrir júní og ágúst. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við upphæðina. Verði um vanskil að ræða verður barni sagt upp leikskólavist skv. eftirfarandi reglum:

5.2. Ef um tveggja mánaða vanskil er að ræða. Skuldin er send til innheimtu hjá lögfræðingi.

5.3. Foreldrar sem skulda eldri gjöld hjá Vestmannaeyjabæ, þegar kemur að barni þeirra á biðlista í leikskóla, eða frístundaveri fá ekki úthlutun fyrr en skuldin er að fullu greidd.

5.4. Heimilt er að fella niður helming dvalargjalds fyrir barn sem getur ekki nýtt sér leikskóladvöl vegna veikinda. Lágmarkstími slíkrar niðurfellingar er einn samfelldur mánuður, hámarkstími þrjú mánuðir. Umsókn þess efnis ber að senda skriflega til leikskólastjóra.

5.5. Heimilt er að fella niður fæðisgjöld ef tímabilið, sem óskað er niðurfellingar á, er einn mánuður í senn eða lengur. Umsókn þarf að vera skrifleg og berast viðkomandi leikskólastjóra fyrir 15. dag mánaðar ef umsókn á að taka gildi í næsta mánuði á eftir.

Undanþágur frá reglum þessum eru háðar samþykki Fræðsluráðs Vestmannaeyja.

Uppfærðar reglur samþykktar í Fræðsluráði Vestmannaeyja 20.
nóvember 2023